

Mál nr 33/2017

Ár 2017, fimmtudaginn 14. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 33/2017

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 4. október 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við pörun. Kæran hefur verið birt kærðu með bréfi dagsettu 4. október 2017 og kærða hefur sent inn andsvar og útskýringar á meintu broti sínu. Afrit af því var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 5. september 2017 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 26. apríl 2017. Við pörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem kveðið er á um í reglum félagsins. Hundarnir eru af hundakyninu Jack Russel Terrier og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur sent inn bréf til nefndarinnar þar sem hún tilgreinir hverjar séu ástæður fyrir pöruninni og kemur þar fram með sín sjónarmið í málinu. Þar tiltekur hún að ekki séu nægilega skýrar upplýsingar að finna á heimasíðu félagsins varðandi lágmarksaldur tíka við pörun af þessari hundategund. Kærða hafi því ráðfært sig við skrifstofu félagsins og komist að þeirri niðurstöðu að lágmarksaldur væri 18 mánuðir við pörun. Kærða bendir á til viðmiðunar að lágmarksaldur tíka við pörun af þessari tegund sé 18 mánuðir í Svíþjóð og undrast að það skuli ekki gilda hér. Kærða mótmælir því að fá á sig kæru vegna þessa þar sem hún kveðst hafa farið eftir upplýsingum frá starfsmanni skrifstofu HRFÍ. Kærða tiltekur einnig að hún muni að sjálfsögðu framvegis fara eftir þeim reglum sem hér gilda.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ grein 3.3 segir:

„Para ekki tók fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr.”

Þegar þörun átti sér stað var tókin aðeins rúmlega 19 mánaða gömul og vantaði því tæplega 5 mánuði til að ná tilskildum lágmarksaldri sem grundvallarreglur félagsins kveða á um. Í sérreglum um tegundahóp 3 kemur ekki fram undanþága um lágmarksaldur tíka af tegundinni Jack Russel Terrier.

Kærða hefur borið því við að hún hafi fengið rangar upplýsingar hjá starfsmanni á skrifstofu HRFÍ og vill með því undanskilja sig ábyrgð á brotinu. Á það getur siðanefnd ekki fallist því það kemur skýrt fram í reglunum að ekki skuli para tók fyrir tveggja ára aldur, nema annað sé tekið fram. Það er ætíð alfarið á ábyrgð ræktanda að hafa í heiðri relgur félagsins, þessi regla er sett með dýravelferð að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera bæði ljúft og skylt að halda slíka reglu.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir siðanefnd hæfilegt að áminna kærðu.

IV. Niðurstaða.

Kærða, X telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóra Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir